

Ed.

130. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 119 (Kynbætur hesta).

Flutningsm.: Einar Arnason.

Fyrir »Öllum kostnaði — lögtaki« komi:

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, fóður, hagagöngu og umsjón kynbótahests eða leigu eftir hann, jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaðurinn meiri en hámarksgjaldi nemur á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.